

háskólakennara Levy's heitins í yfirsetufræðinni, sem er endurskoðuð af háskólakennara, Dr. med. Stadfeldt, þannig, að kostnaðinum verði jafnað niður eftir upphæð lausaffjártúndarinnar á hvert amt, en ömtin skuli aptur fá eftir tiltölu exemplör af því, sem nú verður prentað af bókinni, og hafið þær farið þess á leit, að dómsmálastjórnin samþykki, að greiða megi þann hluta af kostnaðinum, sem fellur á vesturamtið, úr jafnaðarsjóðnum.

1871.

10. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fyrir sitt leyti hefir ekki neitt á móti því, sem þær hafið stungið uppá.

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kostnað við aðhjúkrun betrunarhússfanga á spítala í Kaupmannahöfn.

15. júní.

Útaf því, að bæjarstjórnin í Kaupmannahöfn hefir mælt til við amtið, að fá endurgoldinn kostnaðinn við aðhjúkrun á Guðbjörgu Guðmundsdóttur, sem á sveit í Torfastaðahrepp í Húnavatnssýslu, á meðan að hún lá veik á bæjarspítalanum í Kaupmannahöfn, — en þangað kom hún 18. nóvbr. 1869, þá er henni var sleppt úr betrunarhúsinu, og var kostnaðurinn við lok júním. f. á: orðinn 112 rd. 48 sk., og jókst um 48 sk. fyrir hvern dag, er hún dvaldist á spítalanum fram yfir þenna tíma, þangað til henni var komið á limadeildina, þar sem kostnaðurinn er 16 sk. á dag, — hefir amtið í bræfi 14. febr. þ. á., um leið og vísað er til kansallíbræfs 6. nóvbr. 1845,¹ sbr. bréf dómsmálastjórnarinnar 5. júlí 1861,² bræfs innanríkisstjórnarinnar 28. apríl 1849,³ og bræfa dómsmálastjórnarinnar 30. júní 1864, 4. janúar 1865 og 11. júní 1866,⁴ álitíð, að hinn íslenzki dómsmálasjóður skuli

¹) Lovsamling for Island, XIII., 338.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, I., 496.

³) Lovsamling for Island, XIV., 258.

⁴) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 60, 119 og 355.

1871.

15. júní.

greiða þenna kostnað en ekki framfærsluhreppurinn, sem að auki eptir skýrslu hlutaðeiganda sýslumanns varla mun vera fær um það, og hefir amtið því næst farið þess á leit, að stjórnarráðið sjái um, að upphæðin verði borguð bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn úr aðalfehirzlunni, en amtið hefir tilkynnt bæjarstjórninni, að málið sè borið undir dómsmálastjórnina.

Útaf þessu skal þess getið, að eins og kansallibréf 6. nóvbr. 1845 aðeins í einstökum tilfellum hefir leyft, að greiða megi kostnaðinn við sjálfan flutning íslenzkra sakamanna til Íslands, er þeir hafa út tekið hegningarvinnu hér, úr dómsmálasjóðnum, þannig eiga ekki stjórnarbréf þau, sem amtið hefir skýrskotað til, við það atvik, sem hér er verið að ræða um, þar sem fè hefir verið varið til aðhjúkrunar á íslenzkum fanga, sem búinn er að út taka hegninguna, heldur við þau tilfelli, er slíkum kostnaði hefir verið varið til þess, að íslenzkur sakamaður nái að afplána hegningu, og gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að dómsmálastjórnin hlýtur að vera á því máli, að framfærsluhreppur Guðbjargar Guðmundsdóttur eigi beinlínis að endurgjalda kostnaðinn, en um efnaleysi hreppsins hefir stjórnarráðið ekki fengið nægar skýrslur.

Að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skýrt bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn frá því, sem sagt er að framan.

15. júní.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um húsakaup á klausturjörð.

Með bræfi 15. febr. p. á. hefir amtið sent hingað bænarskrá, þar sem leiguliðinn á jörðunni Fossgærði, sem heyrir undir Skriðu klausturs góz, sækir um, að hið opinbera kaupi hús nokkur á jörðunni, sem tilheyra dánarbúi leiguliðans, sem var, en sækjandi